



# RAMMASKILMÁLAR VEGNA SAMNINGA UM ENDURHVERF VIÐSKIPTI

milli Seðlabankans og [●] sem viðskiptamanns

## 1. Gildissvið, tilgangur og forsendur viðskipta

- 1.1. Rammaskilmálar þessir gilda um samninga um endurhverf viðskipti Seðlabanka Íslands, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, í nafni Lánamála ríkisins (í þessum rammaskilmálum nefnd Seðlabankinn) og viðskiptamanns, og settir eru á grundvelli 10. gr. (sérstök fyrirgreiðsla) í gildandi samningi á milli Seðlabankans og aðalmiðlara um útgáfu ríkisbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Rammaskilmálunum er ætlað að lýsa réttarsambandi milli Seðlabankans og viðskiptamanns.
- 1.2. Lánamál ríkisins í Seðlabankanum sjá um umsýslu samninga um endurhverf viðskipti f.h. ríkissjóðs.
- 1.3. Um rammaskilmála þessa gilda lög um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir nr. 46/2005. Samningar sem gerðir eru á grundvelli rammaskilmála þessara eru samningar um fjárhagslega tryggingarráðstöfun í skilningi laganna.
- 1.4. Allir samningar aðila um viðskipti sem stofnað er til á grundvelli rammaskilmála þessara mynda einn samning milli aðila (e. single agreement).
- 1.5. Forsenda Seðlabankans fyrir viðskiptum á grundvelli rammaskilmála þessara er að viðskiptin séu eins áhættulaus fyrir Seðlabankann og heimilt er skv. íslenskum rétti.

## 2. Framkvæmd endurhverfra viðskipta

- 2.1. Samkvæmt rammaskilmálum þessum kaupir viðskiptamaður ríkisbréf af Seðlabankanum, með uppgjöri sama dag (kaupdagur). Á sama tíma er gerður samningur um framvirka sölu viðskiptamanns á sömu ríkisbréfum á endurkaupadegi. Greiðsla fyrir ríkisbréf samkvæmt samningi um endurhverf viðskipti skal vera í formi reiðufjár. Viðskiptakerfið skv. rammaskilmálum þessum er viðskiptakerfi Bloomberg, eða annað kerfi sem aðilar eru ásáttir um að nota.
- 2.2. Viðskiptamaður getur óskað eftir samningi um endurhverf viðskipti alla viðskiptadaga á opnunartíma kauphallar á Íslandi. Beiðni um samning um endurhverf viðskipti sem afgreiða á fyrir kl. 11:00 samdægurs, skal hafa borist Seðlabankanum fyrir kl. 10:00 sama dag.
- 2.3. Hæf verðbréf til endurhverfra viðskipta eru allir flokkar ríkisbréfa með viðskiptavakt. Hámarkskaup hvers viðskiptamanns í hverjum flokki ríkisbréfa er 1 ma.kr. að nafnverði en hækkar í 2 ma.kr. þegar útgáfustærð viðkomandi flokks hefur náð 20 ma.kr. að nafnverði. Beiðnir um kaup í endurhverfum viðskiptum skulu hlaupa á heilli milljón króna.
- 2.4. Beiðnir um samning um endurhverf viðskipti skulu lagðar fram í viðskiptakerfinu. Í beiðni um viðskiptin skal koma fram: *auðkenni og nafnverð skuldabréfaflokks, kaupdagur og endurkaupadagur*. Hámarkstími milli kaupdags og endurkaupdags í endurhverfum viðskiptum er 14 dagar, það er vikudagur til sama vikudags 2 vikum síðar. Ef skemmri tími en 14 dagar eru til lokagjalddaga viðkomandi skuldabréfaflokks, þá getur samningstími ekki náð lengri tíma.

- 2.5. Við samþykki Seðlabankans á beiðni um endurhverf viðskipti í viðskiptakerfinu stofnast skuldbindandi samningur um endurhverf viðskipti milli aðila. Sé ekki unnt að framkvæma viðskipti í viðskiptakerfinu, skv. 2.1. gr., geta skuldbindandi samningar í undantekningartilvikum komist á með tölvupósti.
- 2.6. Kaupverð sem viðskiptamaður leggur fram í reiðufé í endurhverfum viðskiptum samanstendur af markaðsvirði ríkisbréfa (sbr. 4.2.) í upphafi, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum. Til viðbótar við kaupverð leggur viðskiptavinur fram 5,0% áhættugjald sem reiknast af kaupverðinu, til tryggingar endurhverfu viðskiptunum. Ekkert verður af endurhverfum viðskiptum ef kaupverð og áhættugjald er ekki lagt fram í samræmi við rammaskilmála þessa.
- 2.7. Uppgjör viðskipta skal fara fram samdægurs í skipulögðu verðbréfauppgjöri í formi afhendingar gegn greiðslu. Ef ekki er á uppgjöri innan dagsins þá falla viðskiptin sjálfkrafa niður.
- 2.8. Ef viðskiptamaður vill gera nýjan samning um útistandandi samninga um endurhverf viðskipti á endurkaupadegi með eða án breytinga, skal hann óska þess fyrir kl. 14:00 sama dag. Þegar nýr samningur er gerður um útistandandi viðskipti, er nýtt kaupverð ákvarðað og mismunur gagnvart eldri samningum gerður upp. Í ósk um nýjan samning skulu að öðru leyti koma fram sömu upplýsingar og þegar stofnað er til samnings um endurhverf viðskipta, sbr. 2.4 gr.
- 2.9. Beri endurkaupadag eða gjalddaga greiðslu upp á dag sem ekki er bankadagur skal endurkaupadagur eða gjalddagi vera næsti bankadagur þar á undan. Bankadagur í rammaskilmálum þessum er virkur dagur þegar bankar og kauphöll eru almennt opin á Íslandi.
- 2.10. Aðilum er ekki heimilt að loka samningum fyrir gjalddaga, nema slíkt sé sérstaklega heimilt skv. rammaskilmálum þessum.

## 3. Greiðslur á samningstíma

- 3.1. Komi til þess að greiða þurfi höfuðstól, afborganir, vexti eða aðrar fjárhæðir af keyptum ríkisbréfum á samningstíma endurhverfra viðskipta hefur Seðlabankinn heimild til að draga sömu fjárhæð („netta út“) og nemur viðkomandi greiðslu af reikningi viðskiptamanns. Skal ákvæði þetta miða að því að greiðsluflæði af þeim ríkisbréfum sem endurhverfu viðskiptin taka til falli utan viðskiptanna.
- 3.2. Seðlabankinn reiknar vexti af fjárhæð sem samsvarar kaupverði, áhættugjaldi og viðbótaráhættugjaldi eftir því sem við á, sem eru vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, eins og þeir eru á kaupdegi í endurhverfum viðskiptum, að frádregnum 0,2%, sem er þóknun til Seðlabankans vegna viðskiptanna. Vextirnir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni og birtir á heimasíðu bankans.
- 3.3. Vaxtatímabil er sá dagafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram að síðasta degi tímabilsins.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Vaxtatímabil samnings hefst á kaupdegi samningsins og endar á endurkaupdegi. Gjaldþagi vaxta er á síðasta degi vaxtatímabils. Bankadagsreglur gilda um uppgjör á gjaldþaga vaxta.

- 3.4. Dagaregla við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi) er Actual/360, þ.e. fjöldi almanaksdaga á móti 360. Vextir eru margfaldaðir með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.

### 4. Áhættuþekja vegna samnings um endurhverf viðskipti

- 4.1. Áhættugjald vegna samninga um endurhverf viðskipti greiðir viðskiptamaður í formi reiðufjár. Áhættugjaldið nemur 5% af kaupverði ríkisbréfa í upphafi. Saman mynda áhættugjald og kaupverð, áhættuþekjugrunn endurhverfra viðskipta sem er 105%.
- 4.2. Við mat á markaðsvirði verðbréfa hverju sinni í endurhverfum viðskiptum og til að ákvarða áhættuþekju skal miða við nýjasta markaðsverð, ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum. Markaðsverðið miðast við hagstæðasta sölutilboð fyrir verðbréf sem er í endurhverfum viðskiptum.
- 4.3. Ef markaðsverð verðbréfa í endurhverfum viðskiptum breytist um tvö (2) prósent til hækkunar frá því áhættugjald var síðast lagt fram, skal viðskiptamaður leggja fram viðbótaráhættugjald til tryggingar viðskiptunum, þannig að áhættuþekjugrunni verði náð á ný. Að sama skapi getur viðskiptamaður óskað eftir því að fá endurgreitt áhættugjald ef áhættuþekja lækkar á samningstímabilinu um tvö (2) prósent þar til áhættuþekjugrunni er náð á ný.
- 4.4. Geri Seðlabankinn kröfu um áhættugjald eða viðbótaráhættugjald skal viðskiptamaður verða við kröfu Seðlabankans samdægers. Seðlabankinn sendir viðskiptamanni tilkynningu í hvert sinn sem krafa er gerð um viðbótaráhættugjald eða endurgreiðslu áhættugjalds til viðskiptamanns.

### 5. Frágangur endurhverfra viðskipta

- 5.1. Uppgjör viðskipta á endurkaupdegi skal fara fram í skipulögðu verðbréfauppgjöri eigi síðar en fyrir kl. 14:00. Greiðsla Seðlabankans til uppgjors viðskiptanna er samtala á kaupverði að viðbættu áhættugjaldi og viðbótaráhættugjaldi ef við á. Að loknu uppgjöri samnings um endurhverf viðskipti, afhendir Seðlabankinn viðskiptamanni vextina að frádreginni þóknun Seðlabankans skv. 3.2 gr. og 5.000 kr. afgreiðslugjaldi.
- 5.2. Seðlabankinn hefur heimild til að skuldfæra af stórgreiðslureikningi viðskiptamanns vegna viðskipta sem stofnað er til á grundvelli rammaskilmála þessara og hvers konar uppgjöri viðskipta vegna þeirra. Á þetta jafnt við um nýtt kaupverð skv. 2.8, viðbótaráhættugjald, nettun greiðslna á samningstíma skv. 3.1. gr., uppgjörskröfuna eða annan kostnað vegna endurhverfra viðskipta. Skuldfærsluheimildin nær einnig til kaupverðs og áhættugjalds, ef uppgjör fer fram utan skipulegs verðbréfauppgjors.

### 6. Skuldajöfnuður til uppgjors

- 6.1. Við neðangreind vanefndartilvik hefur Seðlabankinn og viðskiptamaður heimild til skuldajafnaðar til lokauppgjors (e. close-out netting) á samningum um endurhverf viðskipti:
- (a) Ef viðskiptamaður óskar eftir greiðslustöðvun eða nauðarsamningum, ef ósk kemur fram um

gjaldþrotaskipti á búi hans, eða hann að öðru leyti viðurkennir ógjaldfæri sína t.d. með viðræðum við kröfuhafa sína um endurskipulagningu fjárfrafna á hendur viðskiptamanni.

- (b) Ef viðskiptamanni er skipuð bráðabirgðastjórn, krafa er fram komin um afturköllun á starfsleyfi viðskiptamanns eða ef fram kemur krafa um að viðskiptamaður skuli tekinn til slitameðferðar, í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, einnig ef tekin er ákvörðun um að fjármálafyrirtæki sé á fallanda fæti, sbr. 34. gr. laga nr. um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja 70/2020.
- (c) Ef viðskiptamaður afhendir ekki ríkisbréf á endurkaupdegi. Hið sama á við ef Seðlabankinn greiðir ekki á endurkaupdegi.
- (d) Ef ekki er til staðar fjárhæð á stórgreiðslureikningi viðskiptamanns vegna greiðslu viðbótaráhættugjalds skv. 3.1. gr.
- (e) Viðskiptamaður eða Seðlabankinn vanefna aðrar skyldur sínar skv. rammaskilmálum þessum og sú vanefnd varir í meira en 30 daga frá því viðkomandi aðila var tilkynnt um vanefndina.
- (f) Ef viðskiptamaður er ekki lengur aðili að skráðri kauphöll eða verðbréfaskráningu.
- 6.2. Tímamark útreiknings vegna skuldajafnaðar til lokauppgjors skal miða við þann dag sem Seðlabankinn eða viðskiptamaður ákveða að nýta sér heimild til skuldajöfnunar til uppgjors.
- 6.3. Sá aðili sem hefur heimild til skuldajafnaðar til lokauppgjors getur gjaldfellt kröfur aðila skv. útistandandi samningum um endurhverf viðskipti, metið fjárhagslegar kröfur aðila til peningalegs verðmætis og skuldajafnað þeim þannig að eftir standi ein peningakrafa („uppgjörskrafan“), sem skuldari kröfunnar gerir upp gagnvart kröfuhafanum, allt í samræmi við ákvæði laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir nr. 46/2005.
- 6.4. Við mat á peningalegu verðmæti fjárhagslegra krafna aðila vegna ríkisbréfa skal miða við hagstæðasta sölutilboð í lok dags í viðkomandi viðskiptakerfi daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati Seðlabankans s.s. vegna alvarlegrar markaðstruflunar, er heimilt að miða verðmatið við kaupverð verðbréfa á kaupdegi.
- 6.5. Gagnkvæmar skuldbindingar aðila um greiðslur á samningstíma skv. hverjum og einum samningi um endurhverf viðskipti skv. 3. kafla, skulu við skuldajöfnuð við lokauppgjör vera endurútreiknaðar til endurkaupdags.
- 6.6. Allar tilkynningar skv. 6. kafla þ.á m. um beitingu á heimild til skuldajafnaðar til lokauppgjors og útreikning á fjárhagslegum kröfum og uppgjörskröfunni má senda með bréfi eða tölvupósti. Frestur til að greiða uppgjörskröfuna eftir að tilkynning um skuldajöfnuð til lokauppgjors er send, er til næsta viðskiptadags eftir dagsetningu tilkynningarinnar.
- 6.7. Viðskiptamaður eða eftir atvikum Seðlabankinn, skal greiða dráttarvexti af uppgjörskröfu Seðlabankans frá og með gjaldþaga og skal hún bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelliðri fjárhæð frá gjaldþaga til greiðsludags.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

- 6.8. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir gjalddaga.
- 6.9. Komi til vanefnda viðskiptamanns eða Seðlabankans á skyldum skv. skilmálum þessum, skuldbindur aðili sig til þess að greiða mótaðila auk vaxta og dráttarvaxta allan sanngjarnan og eðlilegan kostnað sem viðkomandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, svo sem vegna málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða annars lögfræðilegs kostnaðar vegna innheimtu, auk annars sanngjarns og eðlilegs kostnaðar.

### 7. Ábyrgð á samningum, skaðleysisyfirlýsing

- 7.1. Seðlabankinn eða viðskiptamaður bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er Seðlabankinn eða viðskiptamaður kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Seðlabankans eða viðskiptamanns, eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma eða tölvupósti. Þá er Seðlabankinn og viðskiptamaður ekki ábyrgir fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 7.2. Seðlabankinn eða viðskiptamaður bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnabanni.

### 8. Ýmis ákvæði

- 8.1. Í undantekningartilvikum getur viðskiptauppgjör farið fram utan skipulagðs verðbréfauppgjör, þ.e. afhending gegn greiðslu. Í þeim tilvikum skuldfærir Seðlabankinn kaupverð og áhættugjald í reiðufé fyrir ríkisbréfin á kaupdegi og verða fyrirmæli um afhendingu án greiðslu send til verðbréfastöðvar. Viðskiptamaður skal sjá til þess að fullnægjandi fjárhæð sé á stórgreiðslureikningi hans vegna samnings um endurhverf viðskipti í síðasta lagi klukkan 16:00 á viðkomandi kaupdegi þegar uppgjör fer ekki fram í skipulögðu verðbréfauppgjóri hjá verðbréfamiðstöð. Ef ekki er næg innstæða á reikningi viðskiptamanns falla viðskiptin sjálfkrafa niður og afhendir Seðlabankinn þá ekki ríkisbréfin.
- 8.2. Þá getur uppgjör á endurkaupadegi í undantekningartilvikum farið fram utan skipulagðs verðbréfauppgjör. Í þeim tilvikum skal viðskiptamaður afhenda Seðlabankanum ríkisbréfin án greiðslu í verðbréfamiðstöð eigi síðar en kl. 14:00.
- 8.3. Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað viðskiptamann frá frekari viðskiptum samkvæmt rammaskilmálum þessum fari hann ekki að ákvæðum þeirra.

- 8.4. Viðskiptamanni er skylt að tilkynna Seðlabankanum þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ. á m. um allar fyrirleggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda á skuldbindingum viðskiptamanns skv. rammaskilmálunum.
- 8.5. Viðskiptamaður skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Seðlabankann vegna viðskipta á grundvelli rammaskilmála þessara. Viðskiptamaður ber ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hans hönd í samskiptum við Seðlabankann.
- 8.6. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun rammaskilmála þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 8.7. Fyrirsagnir í rammaskilmálum þessum eru einungis til skýringar
- 8.8. Allar tilkynningar skv. rammaskilmálum þessum má senda í tölvupósti eða með bréfi, í samræmi við neðangreint:

Vegna viðskiptamanns:

[Heimilisfang]

B.t. [●]

Sími: [●]

Tölvupóstur: [●]

Vegna Seðlabankans:

Kalkofnsvegur 1  
101 Reykjavík  
Ísland

B.t. Lánamála ríkisins

Sími: 569 9000

Tölvupóstur: vidskipti@lanamal.is

- 8.9. Rammaskilmálar þessir og samningar sem á þeim eru byggðir eru settar á grundvelli samninga við aðalmiðlara sem í gildi eru hverju sinni. Rammaskilmálarnir gilda áfram þótt aðalmiðlarasamningunum verði breytt.

Framanrituðu til staðfestingar undirrita Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs og viðskiptamaður.

---

Staður og dagsetning

---

Seðlabanki Íslands, f.h. ríkissjóðs

---

F.h. [●] sem viðskiptavinur skv.  
rammaskilmálum þessum